



Fundargerð

255. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn fimmtudaginn 4. júní 2026 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, 800 Selfossi

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson, Örn Friðriksson, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason, og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna. Gengið er til dagskrár.

1. Starfsleyfi, skráning, afturköllun og höfnun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a. Starfsleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2606114HS	Starfsleyfi tímabundið vegna varaafllstöðvar	Tónaþing ehf. - Tónleikar Bergmál, Þingvöllum	806	03.06.2026
2606106HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Vorsheimar ehf.	804	02.06.2026
2606103HS	Starfsleyfi, endurnýjun.	Icelandic Water Holdings hf. vatnsveita, vatnsátöppun, útflutningur	816	01.06.2026
2606102HS	Starfsleyfi - endurnýjun	Sigurður Loftsson – vatnsveita einkavatnsból	804	01.06.2026
2605150HS	Starfsleyfi ný gisting	Agnes Czenek	850	29.05.2026
2605129HS	Starfsleyfi nýr matarvagn	Helgi Eggertsson	810	28.05.2026
2605132HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Deluxe Lodges ehf.	851	28.05.2026
2605133HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Töltspor ehf.	851	28.05.2026
2605134HS	Starfsleyfi Hagakróki	Hagakrókur ehf. - gisting Spóarima 21, Selfossi	851	28.05.2026
2605136HS	Starfsleyfi Norðurtúnsnámu	Syðri-Reykir ehf.	806	28.05.2026
2605135HS	Starfsleyfi Hrosshólsnámu	Syðri-Reykir ehf.	806	28.05.2026
2605113HS	Starfsleyfi endurnýjun	Lyf og heilsa hf. Þorlákshöfn	815	26.05.2026
2605114HS	Starfsleyfi Tjaldsvæði Hella	Southcoast Adventure ehf. - Tjaldsvæðið á Hellu	850	26.05.2026
2605119HS	Starfsleyfi, endurnýjun.	Lyf og heilsa hf. Hvolsvelli	860	26.05.2026
2605111HS	Starfsleyfi - endurnýjun	Lyf og heilsa hf. - Apótekarinn Hellu	850	22.05.2026
2605101HS	Starfsleyfi - endurnýjun	Gísli Halldór Magnússon - Vatnsból Ytri-Ásum, Skaftárhreppi	880	20.05.2026
2605107HS	Starfsleyfi nýtt gistileyfi	Rauðalæk Guesthouse - Takthestar ehf.	851	20.05.2026
2605109HS	Starfsleyfi gisting	Hallshólmi ehf.	861	20.05.2026
2605105HS	Starfsleyfi nýtt gistileyfi	Christine Mair	861	20.05.2026
2605108HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Ferðaskrifstofa Icelandia ehf.	871	20.05.2026
2605098HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Landsbyggð fasteignir ehf. - Amtmann Residence	800	19.05.2026
2605099HS	Starfsleyfi endurnýjun	Gisting Þóristúni 1 - Þóristún ehf.	800	19.05.2026



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

2605090HS	Starfsleyfi ný gisting	Guðbjörg Ágústa Sigurðardóttir - Byggðarhorn 5c	801	18.05.2026
2605080HS	Starfsleyfi veitingastaður - nýr rekstraraðili	Blái Sjórin ehf. - Hafð Bláa	816	15.05.2026
2605078HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Landsvirkjun - Hvammur efnistökusvæði E67 og E33	851	15.05.2026
2605081HS	Starfsleyfi endurnýjun gisting	Náttúra stúdíó ehf. - Kjarnholt	806	15.05.2026
2605079HS	Starfsleyfi nýtt gistileyfi	Manon Kaemper - Lautarbrekka 12	805	15.05.2026
2605052HS	Starfsleyfi ný kjötvinnsla	Kjötvinnslan ehf.	800	12.05.2026
2605051HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Joco ehf Lækjarbrekka 27	805	12.05.2026
2605056HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Þröstur Sigurjónsson - HM Borg Guesthouse	805	12.05.2026
2605046HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Energo ehf. - Engjabrekka 7	805	11.05.2026
2605023HS	Starfsleyfi endurnýjun	Veiðifél. Landmannaafreftar	851	07.05.2026
2605024HS	Starfsleyfi eigendaskipti - einungis veitingar	Sonus viðburðir ehf.	845	07.05.2026
2605027HS	Starfsleyfi ný starfsemi	BS veitingar ehf.	800	07.05.2026
2605019HS	Starfsleyfi endurnýjun	Húsið gisting - Kjartan Jóhannsson	806	07.05.2026
2605018HS	Starfsleyfi br. á starfsemi - matsölu bætt við	Big Sky ehf. - Gaulverjaskóli	803	07.05.2026
2605020HS	Starfsleyfi endurnýjun	Áfengis-/tóbaksverslun ríkisins - Vínbúðin Hveragerði	810	07.05.2026
2605021HS	Starfsleyfi Garðúðun og meindýraeyðing	Landsbankinn hf. - Félagsmiðstöðin Selvík	805	07.05.2026
2605026HS	Starfsleyfi br á leyfi	Boutique Hótel Anna og Vatnsból - EJ Hotels ehf.	861	07.05.2026
2605015HS	Starfsleyfi - Hreinsivirki	Flóahreppur	801	06.05.2026
2605008HS	Starfsleyfi endurnýjun	Hverakebab - Anzali ehf.	810	05.05.2026
2605014HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Ásabúið ehf.	804	05.05.2026
2605006HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Landsvirkjun - Vaðfitjanáma efnistökusvæði E125	851	05.05.2026
2605011HS	Starfsleyfi endurnýjun	Einsi Kaldi Veisluþjónusta ehf veitingastaður	900	05.05.2026
2605007HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Naglasúpa ehf. - Laufey Welcome Center Bistro	861	05.05.2026
2605009HS	Starfsleyfi endurnýjun	Arabær - gisting (Cosy) - Sævar Örn Sigurvinsson	803	05.05.2026
2605003HS	Starfsleyfi tímabundið áfengisveitinga	Prikið Live ehf. - Þingvöllum	806	04.05.2026
2604115HS	Starfsleyfi endurnýjun	Gisting - Ármót ferðaþjónusta ehf.	861	30.04.2026
2604117HS	Starfsleyfi endurnýjun	Eystri- Ásum Útleiga húsa - Gísli Halldór Magnússon	880	30.04.2026
2604108HS	Starfsleyfi ný mengandi starfsemi - í auglýsingu	EP Power Minerals Iceland ehf. - Efnistökusvæði E21 í Mýrdalshrepp - Hjörleifshöfði	871	28.04.2026
2604109HS	Starfsleyfi br á húsnæði	Húsasmiðjan ehf - Blómaval - Selfossi	800	28.04.2026

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.



Í auglýsingu: –

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

Ef athugasemdir berast verður ákvörðun um útgáfu tekin á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

Vegna útgáfu starfsleyfa sbr. hollustuháttaregugerð nr. 903/2024 er vísað á slóð á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:

<https://hsl.is/starfsleyfi-til-kynningar/starfsleyfi-til-kynningar-vegna-hollustuhattareglugerdar/>

Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2018 til kynningar:

- Tónaþing ehf., kt. 581125-2240, Suðurlandsbraut 11, 816 Reykjavík vegna rafstöðvar, varaafsstöðvar á Þingvöllum, 806 Selfoss– tímabundið 18.-21. júní. Sjá slóð [hér](#).

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 24. júní 2026

- Blái Sjórin ehf., kt. 440526-0470, Óseyrartanga 2, 816 Ölfus vegna hreinsivirkis við Óseyrartanga 2, 816 Ölfus. Sjá slóð [hér](#).

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 24. júní 2026

- Hrífunes Hótel Tröll ehf., kt. 461223-1170, Hrífunes 1C, 881 Kirkjubæjarklaustur vegna hreinsivirkis við Hrífunes B, 881 Kirkjubæjarklaustur. Sjá slóð [hér](#).

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 24. júní 2026

- Hrífunes Hótel Tröll ehf., kt. 461223-1170, Hrífunes 1C, 881 Kirkjubæjarklaustur vegna hreinsivirkis við Hrífunes 1C, 881 Kirkjubæjarklaustur. Sjá slóð [hér](#).

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 24. júní 2026

- Landsvirkjun kt. 4202691299, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík vegna efnistöku úr efnistökusvæði E125 Vaðfitjanáma í Rangárþingi ytra. [Sjá hér](#).

- Frestur til að gera athugasemdir er til og með 15. júní 2026

- Landsvirkjun kt. 4202691299, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík vegna efnistöku úr efnistökusvæðum E33 og E67 í Rangárþingi ytra. [Sjá hér](#).

- Frestur til að gera athugasemdir er til og með 11. júní 2026

- N1 ehf. kt. 4110033370, Dalvegi 12-14 Kópavogi vegna nýrrar bensinstöðvar við Geysi í Haukadal. [Sjá hér](#).



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

- Frestur til að gera athugasemdir er til og með 7. júní 2026
- EP Power Minerals Iceland ehf. kt. 4511200930, Smáratorgi 3, 201 Kópavogur vegna efnistöku úr efnistökusvæði E21 í Mýrdalshreppi. Allt að 90.000 tonn dreift yfir 8 ár, mest 25.000 tonn á sama ári. [Sjá hér.](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 4. júní 2026

- Flóahreppur, kt. 600606-1310, Þingborg, 803 Selfoss vegna hreinsivirkis íbúðahverfis við Þingborg. Sjá slóð [hér.](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 3. júní 2026

- Olís ehf, kt. 500269 3249, Olís Hellu, vegna bensínstöðvar með veitingasölu, að Þrúðvangi 2, 850 Hellu. [Sjá hér.](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 30. maí 2026

b. Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2605112HS	Skráning - ný starfsemi	Eliza Weronika Palacz	815	22.05.2026

Staðfesting afgreiðslu

c. Tóbakssöluleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2605022HS	Tóbakssöluleyfi - Landmannalaugar	Fjallafang ehf -	851	07.05.2026

Staðfesting afgreiðslu

d. Afturköllun / höfnun starfsleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2605115HS	Afturköllun starfsleyfis -hætt	Útl. íbúðar - Birkikinn - Bente Hansen	804	26.05.2026
2605096HS	Afturköllun starfsleyfis - eigendaskipti	Sumarhús, Selkot - Halldóra A Guðmundsdóttir	861	18.05.2026

Staðfesting afgreiðslu

e. Umsagnir til sýslumanna

Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2606118HS	Rekstrarleyfi eigendaskipti - Halldórskafti	VE33 ehf.	871	03.06.2026
2606117HS	Rekstrarleyfi gisting fyrir 10 gesti	Þröstur Sigurjónsson	805	03.06.2026
2606116HS	Rekstrarleyfi gisting f átta gesti	Lív fjárfestingar ehf.	805	03.06.2026
2606115HS	Rekstrarleyfi gisting f fjóra	Töltspor ehf.	851	03.06.2026



2605141HS	Rekstrarleyfi gisting fyrir 10 gesti	Giljatunga ehf. - Giljatungu 4	805	28.05.2026
2605140HS	Rekstrarleyfi gisting fyrir 2 gesti	Hagakrókur ehf. - Ökrum	851	28.05.2026
2605139HS	Rekstrarleyfi ný gisting fyrir 6 gesti	Rauðalæk Guesthouse - Takthestar ehf.	851	28.05.2026
2605138HS	Rekstrarleyfi gisting	Gisting - Ármót ferðaþjónusta ehf.	861	28.05.2026
2605137HS	Rekstrarleyfi gisting fyrir 10 gesti	Alnitak ehf. - Launrétt 4	806	28.05.2026
2605094HS	Rekstrarleyfi gisting fyrir fjóra	TerraNord ehf. - Aurora Cabin	861	18.05.2026
2605055HS	Rekstrarleyfi vegna veitinga	Geysir veitingar ehf.	806	12.05.2026
2605054HS	Rekstrarleyfi nýtt gistileyfi	Ásdís Ýr Aradóttir	851	12.05.2026
2605036HS	Rekstrarleyfi nýtt gistileyfi	Manon Kaemper - Lautarbrekka 12	805	08.05.2026
2605035HS	Rekstrarleyfi gisting	Borgargerði - vinnuvélar slf.	810	08.05.2026
2605032HS	Rekstrarleyfi nýr gististaður	LIFE 18 ehf. - Mosavegi 18	806	07.05.2026
2605031HS	Rekstrarleyfi ný gisting	Fyrir Mig ehf.	851	07.05.2026
2605030HS	Rekstrarleyfi gististaður nýr	Siggi Kalla ehf.	800	07.05.2026
2604105HS	Rekstrarleyfi nýtt gistileyfi Bøðmódsstöðum 2	Hulda Karólína Harðardóttir	806	27.04.2026
2606105HS	Tækifærisleyfi, umsögn um Goslokahátíð	Vestmannaeyjabær vRáðhús, útihátíðir	900	02.06.2026
2605143HS	Tækifærisleyfi - Útileguhátíð Menntaskólans að Laugarvatni	Nemendafélag Menntaskólans á Laugarvatni	806	29.05.2026
2605130HS	Tækifærisleyfi, Goslokahátíð	Lundinn - Dalhraun 6 ehf	900	28.05.2026
2605123HS	Tækifærisleyfi, Þjóðhátíð umsögn	ÍBV Þjóðhátíð og fleira	900	27.05.2026
2605120HS	Tækifærisleyfi, Goslokahátíð.	Gott - S.B. Heilsa ehf.	900	26.05.2026
2605083HS	Tækifærisleyfi Kosningavaka D-listans og óháðra í Skaftárhreppi.	Skaftárhreppur vFélagsheimilið Kirkjuvoll	880	15.05.2026
2605082HS	Tækifærisleyfi Kosningavaka	Framsóknarfélag Árborgar	800	15.05.2026
2605067HS	Tækifærisleyfi og tímab. áfengisleyfi	Sveitarfélagið Árborg	800	13.05.2026
2605033HS	Tækifærisleyfi Kosningavaka Ö listans	Golfklúbbur Öndverðarness	805	07.05.2026
2605025HS	Tækifærisleyfi Lionsþing Laugarvatni	Lionsklúbburinn Skjaldbreiður	840	07.05.2026
2604104HS	Tólf tækifærisleyfi Landmannalaugum 2026	Fjallafang ehf. veitingavagn	851	27.04.2026
2604103HS	Tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga Þingvöllum	Prikið Live ehf.- Þingvöllum	806	27.04.2026

Afgreiðsla staðfest

f. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttækíð
2605148HS	Nr. 0680/2026 – Lindarbær 1A L165304, skilgreining svæðis, byggingarreitur og aðkoma – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	29.05.2026
2605147HS	Nr. 0679/2026 – Hvammsvirkjun – breyting á deiliskipulagi	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	29.05.2026
2605146HS	Nr. 0677/2026 – Kró – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	29.05.2026
2605145HS	Nr. 0676/2026 – Svinhagi L7 og L8 – nýtt	Skipulags- og byggingafulltrúi	850	29.05.2026



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

	deiliskipulag	Rangárþings ytra		
2605144HS	Nr. 0675/2026 – Ægissíða 3 lóð 3 – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	29.05.2026
2605117HS	Nr. 05852026 – Efnistökusvæði E10, E11 og E12- nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	26.05.2026
2605116HS	Nr. 06192026 – Fráveita Hveragerðis, stækkun skólphreinsistöðvar – tilkynning um framkvæmd	Húsnaðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	26.05.2026
2605087HS	Nr. 0610/2026 – Eystra-Fjallaland – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	18.05.2026
2605086HS	Nr. 06092026 – Austvaðsholt 2 – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	18.05.2026
2605085HS	Nr. 0608/2026 – Svínhagi 2 – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	18.05.2026
2605077HS	Nr. 0604/2026 – Merkurnáma, aukin efnistaka – tilkynning um framkvæmd	Húsnaðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	15.05.2026
2605076HS	Nr. 0571/2026 – Miðtún – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	15.05.2026
2605075HS	Nr. 0566/2026 – Merkisteinn 1 L166113 – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	15.05.2026
2605073HS	Nr. 05682026 – Hesthúsasvæði -nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	15.05.2026
2605071HS	Nr. 0565/2026 – Tjaldsvæði í Hellislandi – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	15.05.2026
2605070HS	Nr. 05632026 – Tryggvatorg og Árbakkasvæði – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	15.05.2026
2605069HS	Nr. 05672026 – Ljónsstaðir, Ljón 1-3 – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	15.05.2026
2605068HS	Nr. 0572/2026 – Breytt vegtenging við Suðurlandsveg NV Hvolsvallar – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	15.05.2026
2605062HS	Nr. 0560/2026 – Einiholt 3 L192608 – deiliskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	13.05.2026
2605061HS	Nr. 05592026 – Birkibýggð, skilgreining íbúðarbyggðar – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	13.05.2026
2605060HS	Nr. 0554/2026 – Tjaldafell skálasvæði, skilgreining svæðis – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	13.05.2026
2605050HS	Nr. 0553/2026 – Hvítárbyggð, skilgreining frístundasvæðis- nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	12.05.2026
2605049HS	Nr. 05512026 – Ásmúlasel L224543, úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð – aðalskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	12.05.2026
2605044HS	Nr. 0517/2026 – Litla Sandvík – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	11.05.2026
2605043HS	Nr. 05152026 – Fossnes, Sláturfélag Suðurlands – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	11.05.2026
2605042HS	Nr. 05132026 – Dvergasteinar – deiliskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	11.05.2026
2605041HS	Nr. 05092026 – Hvammur L165091 – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	11.05.2026
2605040HS	Nr. 0508/2026 – Öldur III – deiliskipulagsbreyting	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	11.05.2026

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.



Umhverfismál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttækið
2605116HS	Nr. 06192026 - Fráveita Hveragerðis, stækkun skólphreinsistöðvar - tilkynning um framkvæmd	Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	26.05.2026
2605048HS	Nr. 05422026 - Nýtt sláturhús SS á Selfossi - tilkynning um framkvæmd	Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	12.05.2026
2605038HS	Nr. 0496/2026 - Thor landeldi, 20.000 tonna eldi á ári - mat á umhverfisáhrifum	Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	11.05.2026

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

i) Rekstraryfirlit

Rekstraryfirlit til kynningar

2. Úr eftirliti

a. Öryggismerkingar á baðstöðum skv. reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni

Fyrirspurn var send á Umhverfis- og orkustofnun í kjölfar eftirlits í nýjan baðstað Fontana á Laugarvatni þann 13. júlí sl.:

HSL óskar eftir upplýsingum um hvort ofangreint eigi við rök að styðjast og þá upplýsingar um hvaða undanþágur voru veittar frá leiðbeiningum UOS varðandi merkingar á baðstöðum í náttúrunni í flokki I í Bláa lóninu – en þau vilja notast við sama fyrirkomulag í endurbættum baðstað Fontana.

Svar barst frá UOS þann 18. maí sl.:

Það er mat Umhverfis- og orkustofnunar að sækja verði um undanþágu frá kröfum reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, eða eftir atvikum reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, um merkingar vegna öryggis sundgesta til ráðherra, sbr. 1. mgr. 41. gr. l. nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er það er mat stofnunarinnar að slíkar undanþágur verði að skýra þröngt og hafi undanþága verið veitt frá skyldu til merkinga, þá ber að skýra undanþáguna svo að hún eigi aðeins við um það tilvik og þann baðstað sem hún var veitt. Vilji sami rekstraraðili fá samskonar undanþágu fyrir annan baðstað þá þarf að sækja sérstaklega um það.

Þá bendir stofnunin á að skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum skal í starfsleyfi sund- og baðstaðar vera sérstök ákvæði um fyrirkomulag merkinga, stærð og gerð skilta, staðsetningu og þess háttar með hliðsjón af aðstæðum á viðkomandi stað. Telji heilbrigðisnefnd ástæðu til að heimila að brugðið sé frá því útliti og formi merkinga sem Umhverfis- og orkustofnun mælir með í leiðbeiningum á heimasíðu sinni, þá skal það skrifað í starfsleyfi viðkomandi staðar. Allar merkingar er varða öryggi gesta á sund- og



baðstöðum, hvort sem þær eru í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar eða ekki, skulu uppfylla skilyrði 1. mgr. 12. gr. nefndrar reglugerðar, það er að upplýsingar á skiltum séu skýrar og læsilegar og að leturstærð taki mið af lestrarfjarlægð.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur að merkingar vegna öryggis gesta séu ekki valkvæður þáttur í rekstri baðstaðar heldur hluti af nauðsynlegri áhættustýringu, innra eftirliti og starfsleyfisskilyrðum. Merkingar þurfa að ná til þeirra atriða sem máli skipta vegna öryggis og slysavarna, svo sem ómeðhöndlaðs vatns, dýpis, hitastigs, hálfu, banns við köfun eða stökkum þar sem við á, takmarkana á notkun, neyðarbúnaðar, ábyrgðar á gæslu og annarrar staðbundinnar hættu.

Í ljósi afstöðu Umhverfis- og orkustofnunar um að heilbrigðisnefnd skuli leggja mat á aðstæður, er það jafnframt afstaða nefndarinnar að frávik frá almennum kröfum eða leiðbeiningum um öryggismerkingar verði að vera sérstaklega metin, rökstudd og skráð í starfsleyfi viðkomandi baðstaðar. Slík frávik geta ekki byggst á almennri tilvísun til fordæmis eða undanþágu sem veitt hefur verið vegna annars baðstaðar. Undanþágur frá kröfum um merkingar ber að skýra þröngt og skulu þær einungis taka til þess tilviks og þess baðstaðar sem þær varða.

Heilbrigðisnefnd telur því nauðsynlegt að í starfsleyfi baðstaðarins verði sett sérstök og skýr ákvæði um fyrirkomulag öryggismerkinga, þar á meðal um efni þeirra, stærð, gerð, læsileika, staðsetningu og samræmi við áhættumat. Merkingar skulu vera þannig úr garði gerðar að gestir komist ekki hjá því að sjá þær á leið sinni um svæðið og geti með skýrum hætti áttá sig á hættum, takmörkunum og öruggri notkun baðstaðarins.

Nefndin telur ekki fullnægjandi að vísa eingöngu til almennrar ábyrgðar gesta eða almennra rekstrarreglna. Þegar almenningi er veittur aðgangur að baðstað með framangreindum áhættuþáttum ber rekstraraðila að tryggja virka, sýnilega og skiljanlega upplýsingagjöf um öryggi. Krafa um heildstætt merkingakerfi er því nauðsynleg forsenda fyrir ábyrgum og forsvaranlegum rekstri baðstaðarins. Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur mikilvægt að slíkar öryggismerkingar séu samræmdar á landsvísu.

b. Tiltekt lóða í Vík - olíusöfnun

Til kynningar á fundinum, óskað hefur verið eftir greinargerð frá sveitarfélaginu varðandi lóðamál.

c. Tiltekt á lóð Tryggvagata 32, Selfossi

Lokabréf til kynningar.

d. Olís, Hellu

Endurnýjun starfsleyfis – eftirlitsskýrsla til kynningar, frávik varðandi loftunarrör á eldsneytisgeyma sem vantar, farið fram á að tímasett úrbótaáætlun berist embættinu þannig að hægt sé að afgreiða starfsleyfisendurnýjun áður en núgildandi leyfi rennur út þann 9. júlí



nk. Slóð á leiðbeiningar HMS:

<https://www.byggingarreglugerd.is/leidbeiningar/oliugeymar-og-oliuskiljur>

3. Aðsend erindi:

a. Hveragerði, staða í fráveitumálum

Á síðasta fundi heilbrigðisnefndar var farið yfir stöðu máls þar sem fram kom að forhönnun endurbóta á skólphreinsistöð liggi fyrir, en fyrirkomulag útboðs og næstu skref séu enn til skoðunar hjá Hveragerðisbæ. Nefndin ítrekar að mikilvægt sé að málinu verði hraðað, Varmá er viðkvæmur viðtaki og núverandi hreinsun uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til fráveitu. Nefndin ítrekar við Hveragerðisbæ óskir sínar eftir uppfærðri tímaáætlun og upplýsingum um fyrirkomulag útboðs/framkvæmda.

4. Önnur mál

a. Frumvarp Alþingis í vinnslu til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna „einföldun regluverks og aukna skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum“ 582. mál á 157. löggjafarþingi.

Minnisblað frá ráðuneytinu til Umhverfis- og samgöngunefndar varð tilefni til svars frá SHÍ sem er birt á heimasíðu Alþingis undir málinu.

Samandregið:

Minnisblað umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins eyðir ekki þeirri grundvallaróvissu sem fram hefur komið við meðferð málsins. Þvert á móti staðfestir það að veigamikil atriði, svo sem verkaskipting, gjaldtaka, framsal eftirlits, staða starfsfólks, starfsstöðvar, vatnsvernd, kostnaðaráhrif og framkvæmd innleiðingar, eru enn óútfærð.

Að mati nefndarinnar er óásættanlegt að ráðast í svo umfangsmikla kerfisbreytingu án þess að fyrir liggi fullnægjandi valkostagreining, kostnaðar- og áhættumat og raunhæf innleiðingaráætlun. Sérstaklega er gagnrýnisvert að ekki hafi verið sýnt fram á að ríkisvæðing eftirlitsins, samkvæmt svonefndri sviðsmynd 3, sé betri, hagkvæmari eða öruggari leið en sviðsmynd 4, sem felur í sér að byggt verði á núverandi kerfi en það styrkt með skýrara samræmingarhlutverki, auknu boðvaldi, sameiginlegum verkferlum og samræmdu upplýsingakerfi.

Nefndin telur sviðsmynd 4 fela í sér mun minni innleiðingaráhættu en fyrirbyggjandi frumvarp. Sú leið varðveitir staðbundna sérfræðiþekkingu, dregur úr hættu á þjónusturofi, raskar síður starfsemi sveitarfélaga og gerir stjórnvöldum kleift að ná fram markmiðum um aukna samræmingu og skilvirkni án þess að rífa upp allt eftirlitskerfið.

Með vísan til framangreinds telur nefndin að frumvarpið sé ekki tilbúið til afgreiðslu í núverandi mynd. Leggja beri áherslu á sviðsmynd 4 sem raunhæfari, varfærnari og áhættuminni leið til umbóta, þar sem núverandi heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði styrkt og samræmt í stað þess að færa framkvæmd eftirlitsins alfarið til ríkisins.



Við yfirferð á innsendum athugasemdum til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis er niðurstaðan eftirfarandi:

Ráðherra þarf að breyta frumvarpinu úr hreinni tilfærslu verkefna til ríkisins yfir í skilyrtar, áfangaskiptar kerfisumbætur. Óbreytt er það ekki tækt til efnislegrar afgreiðslu.

Lágmarksbreytingar til að gera frumvarpið afgreiðsluhæft

- 1. Hætta við eða milda niðurlagningu heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga.**

Frumvarpið þarf að byggja á meðalhófi: styrkja samræmingu, upplýsingakerfi, verkaskiptingu og eftirlitshlutverk ríkisstofnana án þess að rjúfa allt staðbundið kerfi. Í umsögn Skagafjarðar er sérstaklega bent á að ESA kalli ekki á niðurlagningu staðbundinna stjórnvalda eða heilbrigðiseftirlita, heldur samræmingu, skýrari ábyrgð og sameiginleg upplýsingakerfi.
- 2. Lögfasta staðbundna nærveru og viðbragðsgetu.**

Það þarf skýrt ákvæði um að fagleg ráðgjöf heilbrigðiseftirlits verði áfram tryggð innan sveitarfélaga, neyðarstjórna og almannavarna. Umsagnir leggja mikla áherslu á að staðbundin þekking á vatnsbólum, vatnsverndarsvæðum, mengunarvöldum, viðkvæmum svæðum og boðleiðum tapist ekki og að viðbragðstími lengist ekki.
- 3. Setja skýra verkaskiptingu milli ríkis, sveitarfélaga og stofnana í lög sjálf.**

Ekki dugar að vísa til framtíðar verkferla, sem verði mótaðir síðar. Það þarf að liggja fyrir hver ber ábyrgð á leyfum, kvörtunum, mengunaróhöppum, matvælatengdu eftirliti, tóbaks- og nikótíneftirliti, gæludýrahaldi, upplýsingagjöf og neyðarviðbrögðum. Borgarbyggð bendir sérstaklega á að frumvarpið skýri ekki nægilega hvernig ábyrgð og verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði háttað.
- 4. Koma í veg fyrir að rekstraraðilar fái fleiri eftirlitsaðila en áður.**

Ef verkefni fara til fleiri en einnar ríkisstofnunar þarf að lögbinda regluna „einn rekstur – einn aðalviðmótspunktur“ (e. One stop shop). Framsal eftirlits má heldur ekki vera óljós heimild sem stofnanir ákveða síðar; framsal eftirlits þarf að vera fyrirsjáanlegt, opinbert og bindandi þar sem hætta er á tvöföldu eða kloffnu eftirliti. Bændasamtökin leggja einmitt áherslu á að breytingar leiði ekki til aukins kostnaðar, óvissu eða tafa.
- 5. Fresta gildistöku eða setja skilyrta gildistöku.**

1. janúar 2027 er of skammur frestur til gildistöku nema fyrir liggi fullbúið upplýsingakerfi, mannaflááætlun, fjármögnun, prófaðir verkferlar, þjónustusamningar og mótvægisáætlun vegna þjónusturofs. Umsagnir vara við því að samhliða niðurlagningu heilbrigðiseftirlits, séu áform um tilfærslu verkefna, breytingu á ábyrgð. Ný upplýsingakerfi geta skapað skaðlegar tafir í leyfisveitingum, eftirliti og neyðarviðbrögðum.
- 6. Sameiginlegt upplýsingakerfi verði lagalegt skilyrði ekki framtíðaráform.**

Kerfið þarf að vera komið í notkun áður en verkefni færast: með skráningu starfsleyfa, eftirlitsskýrslum, stöðluðum verkferlum, rekjanleika ákvarðana og aðgangi viðeigandi sveitarfélaga og stofnana. Bændasamtökin segja beinlínis að slíkt kerfi þurfi að vera innleitt samhliða gildistöku til að koma í veg fyrir þjónusturof.



7. Tryggja að gjöld hækki ekki vegna kerfisbreytingarinnar.

Frumvarpið þarf ákvæði um tímabundin ríkisframlög eða gjaldjöfnun þannig að „einföldun“ leiði ekki til hærri eftirlitsgjalda fyrir bændur, matvælafyrirtæki, ferðaþjónustu, smærri verslanir og aðra rekstraraðila. Þetta er eitt skýrasta rauða flaggið í umsögnum atvinnulífsins.

8. Vernda mannauð, starfsréttindi og fagkröfur heilbrigðisfulltrúa.

Ráðherra þarf að tryggja í lögum eða bráðabirgðaákvæðum að starfsfólk haldi áunnum réttindum, að sérþekking tapist ekki, að starfsstöðvar verði tryggðar um landið og að hæfniskröfur til opinbers eftirlits verði skýrar. Félag heilbrigðisfulltrúa gagnrýnir sérstaklega að frumvarpið afmái starfsheitið heilbrigðisfulltrúi og setji ekki fram nægar faglegar kröfur til þeirra sem sinna eiga eftirliti.

9. Bæta inn lýðheilsu- og almannavarnaáhrifamati.

Frumvarpið fjallar ekki nægilega um áhrif á lýðheilsu, tóbaksvarnir, mengunaratvik, loftgæði, neysluvatn og neyðarstjórnun. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins bendir til dæmis á að tóbaksvarnir séu ekki nægilega skilgreindar og að klofningur eftirlits geti veikt forvarnir.

10. Taka gæluðyrhald/hundahald út úr óljósri sveitarfélagaleið og einfalda það sérstaklega.

Umsögn Félags ábyrgra hundaeigenda bendir á að frumvarpið gæti kallað á að fjöldi sveitarfélaga breyti samþykktum sínum hvert í sínu lagi, sem er andstætt markmiði um einföldun. Þar er lagt til að gæluðyrhald færist fremur undir dýravelferðarlög með reglugerðarheimild ráðherra. Bent er á að kvartanir vegna dýrahalds snúa yfirleitt að hávaða og öðru ónæði frá hundum - oft hundsbiti - fremur en dýravelferð.

11. Endurskrifa greinargerðina og svara umsögnum efnislega.

Það þarf að sýna fram á: hvers vegna þessi leið er nauðsynleg, af hverju vægari úrræði duga ekki, hvaða kostnaður færist milli ríkis og sveitarfélaga, hvernig þjónustustig helst óbreytt eða batnar, og hvernig athugasemdir umsagnaraðila hafa verið teknar til greina.

Pólitískt nothæf niðurstaða

Ráðherra getur líklega gert frumvarpið afgreiðsluhæft með **breytingartillögum sem setja inn þrjár meginstoðir:**

Í fyrsta lagi: lögbinda staðbundna þjónustu, neyðarviðbrögð og starfsstöðvar.

Í öðru lagi: setja fram skýra skilyrta og áfangaskipta innleiðingu með tilbúnu upplýsingakerfi, mönnun og verkferlum.

Í þriðja lagi: skýra þarf ábyrgð, gjaldvernd, fagkröfur og eitt viðmót gagnvart rekstraraðilum.

Án þessara breytinga er frumvarpið of áhættusamt: það lofar einföldun en umsagnirnar benda ítrekað til hættu á miðstýringu, þjónusturofi, hærri kostnaði, óskýrri ábyrgð og tapi á staðbundinni sérþekkingu.



b. Frumvarp til Alþingis um Stofnun Atvinnuveganna í vinnslu hjá Atvinnuveganefnd – 568. mál á 157. löggjafarþingi.

Svör ráðuneytisins eyða ekki þeirri óvissu sem fram hefur komið í umsögnum. Þvert á móti staðfesta þau að grundvallarforsendur málsins liggja ekki fyrir, meðal annars um réttindi starfsfólks, fjárhagsleg áhrif, skuldbindingar sveitarfélaga, gjaldskrár, tölvukerfi, starfsstöðvar og innleiðingu. Ítrekað er vísað til annarra frumvarpa, annarra ráðuneyta eða vinnu sem enn er ólokið, í stað þess að leggja fram heildstæð og bindandi svör.

Það er óásættanlegt að Alþingi sé beðið um að samþykkja svo umfangsmikla kerfisbreytingu áður en sýnt hefur verið fram á að hún sé framkvæmanleg, fjármögnuð og örugg gagnvart starfsfólki, sveitarfélögum, atvinnulífi og almenningi.

Sérstaklega er áréttað að framsal eftirlits leysir ekki úr óskýrri ábyrgð þar sem þvingunarúrræði fylgja ekki framsalinu, réttindi starfsfólks heilbrigðiseftirlita eru ekki tryggð með sambærilegum hætti og réttindi starfsfólks ríkisstofnana, fjárhagsleg áhrif og skuldbindingar sveitarfélaga liggja ekki fyrir, tölvukerfi og innleiðing eru ófullbúin, gjaldskrár og raunkostnaður eftirlits hafa ekki verið útfærð og starfsstöðvar og sérfræðistörf á landsbyggðinni eru ekki tryggð með bindandi hætti.

Fundurinn telur því að málið sé ekki nægilega undirbúið til afgreiðslu. Afgreiðslu þess verði frestað þar til lögð hefur verið fram heildstæð greining á fjárhagslegum áhrifum, starfsréttindum, gjaldskrár, tölvukerfum, starfsstöðvum, skuldbindingum sveitarfélaga og raunverulegri innleiðingaráhættu.

Við yfirferð á umsögnum aðlila til atvinnuveganefndar er niðurstaðan eftirfarandi:

Ráðherra þarf að leggja fram heildstæðan breytingarpakka, ekki aðeins lagfæringar á orðalagi. Frumvarpið virðist ekki afgreiðsluhæft nema ráðherra eyði þeirri grundvallaróvissu sem umsagnaraðilar benda á: verkaskiptingu, ábyrgð, fjármögnun, innleiðingu, starfsstöðvar, mannauð, upplýsingakerfi, almannavarnir og vatnsvernd. Í umsögn SHÍ er beinlínis bent á að ráðuneytið vísi lykilatriðum til síðari útfærslu eftirtalinna atriða: reglugerða, gjaldtöku, framsals eftirlits, starfsstöðva, aðgengis sveitarfélaga að sérfræðipækkingu, stöðu starfsfólks og vatnsverndar. Alþingi sé þannig í reynd beðið um að samþykkja ófullbúið frumvarp.

Breytingar sem ráðherra þarf að gera

1. Breyta meginleiðinni: frá hreinni ríkisvæðingu yfir í svæðisbundið framkvæmdarkerfi með sterku yfirstjórnar- og samræmingarhlutverki ríkisins

Ráðherra þarf annaðhvort að draga til baka þá leið að leggja niður heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eða rökstyðja hana mun betur með raunverulegri valkostagreiningu.

Samband íslenskra sveitarfélaga bendir á að betri sátt hefði mátt ná með því að



frankvæmd eftirlits yrði áfram svæðisbundin en ríkisstofnanir fengju skýrt yfirstjórnunar-, samræmingar- og boðvaldshlutverk.

Lykilbreyting væri því að setja í frumvarpið ákvæði um að **heilbrigðiseftirlitssvæði eða svæðisbundnar starfsstöðvar haldist sem framkvæmdararmur**, en ríkið setji samræmdar kröfur, verklag, gagnakerfi, gæðakerfi og eftirlitsáætlanir.

2. Setja skýra verkaskiptingu í löginn sjálf, ekki vísa henni til síðari reglugerða
Frumvarpið þarf að tilgreina skýrt:

- hvaða verkefni færast til Umhverfis- og orkustofnunar,
- hvaða verkefni færast til Stofnunar atvinnuveganna eða Matvælastofnunar, eftir því hvaða stofnanaskipan verður endanlega ákveðin,
- hvaða verkefni verða áfram hjá sveitarfélögum,
- hver ber endanlega stjórnsluábyrgð,
- hvernig framsal eftirlits milli stofnana fer fram,
- hvernig tryggt verður að rekstraraðili sæti ekki tvöföldu eða ósamræmdu eftirliti.

Bændasamtökin vara sérstaklega við því að þjónustu- og eftirlitsþegar þurfi eftir breytinguna að eiga samskipti við fleiri eftirlitsaðila en áður og leggja áherslu á að framsal eftirlits verði útfært fyrir gildistöku, með skýrum og opinberum verkferlum.

3. Fresta gildistöku og gera innleiðingu áfangaskipta

Gildistaka 1. janúar 2027 virðist ekki raunhæf miðað við umsagnirnar. Skagafjörður bendir á að um sé að ræða umfangsmikla verkefnayfirfærslu þar sem starfsfólk, verklag, ábyrgð og upplýsingakerfi þurfi að vera tilbúin, en engin skýr áætlun liggja fyrir um hvernig koma eigi í veg fyrir rof í eftirliti, leyfisveitingum eða bráðu viðbragði.

Ráðherra þarf því að setja inn:

- áfangaskipta gildistöku,
- skilyrði um að sameiginlegt upplýsingakerfi sé tilbúið áður en verkefni flytjast,
- skilyrði um mannafla, starfsstöðvar og verkferla áður en núverandi kerfi er lagt niður,
- bráðabirgðaákvæði um að núverandi heilbrigðiseftirlit sinni verkefnum þar til nýtt kerfi hefur raunverulega tekið við.

4. Tryggja staðbundna viðveru, starfsstöðvar og viðbragðsgetu í lögum

Frumvarpið þarf að binda í lög að eftirlit og sérfræðipækking verði áfram til staðar um land allt. Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins bendir á að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga gegni mikilvægu hlutverki í neyðarstjórnnum og að staðbundin þekking á mengunurvöldum, vatnsbólum og viðkvæmum svæðum muni glatast við slíka miðstýringu sem felist í frumvarpinu.

Ráðherra þarf því að bæta við ákvæðum um:

- lágmarksfjölda og staðsetningu starfsstöðva,
- skyldu ríkisstofnana til að tryggja viðveru sérfræðinga í hverjum landshluta,
- formlega tengingu við neyðarstjórnir sveitarfélaga,
- viðbragðsferla vegna mengunarslysa, stórbruna, vatnsmengunar, loftmengunar og annarra almannavarnatilvika.

5. Tryggja vatnsvernd sérstaklega



Vatnsvernd má ekki vera afleitt atriði sem verði sett til síðari afgreiðslu. Veitur benda á mikilvægi þess að ljúka endurskoðun reglugerðar um neysluvatn og annarra reglna um vatnsvernd áður en lagabreytingar taka gildi.

Ráðherra þarf því að setja inn sérákvæði um:

- órofná ábyrgð á neysluvatnseftirliti,
- skyldubundið samráð við vatnsveitur og sveitarfélög,
- að staðbundin þekking á vatnsbólum og verndarsvæðum verði tryggð,
- að reglugerðir um neysluvatn og vatnsvernd verði endurskoðaðar fyrir gildistöku meginbreytinga.

6. Leiðrétta fjárhagslega greiningu og tryggja að ekki færast ósanngjarn óþarfa kostnaður á sveitarfélög eða eftirlitsþega

Frumvarpið þarf að innihalda raunhæfa fjárhagsgreiningu. Skagafjörður bendir á að sveitarfélög missi tekjustofna heilbrigðiseftirlita en sitji eftir með kostnað, meðal annars biðlaunakostnað, breytingakostnað og ófjármögnuð verkefni.

Þá mótmæla Bændasamtökin boðaðri hækkun eftirlitsgjalda og telja að hagræðing eigi að skila sér í lægri gjöldum eða betri þjónustu, ekki auknum rekstrarkostnaði fyrir bændur og matvælaframleiðendur.

Ráðherra þarf því að bæta við:

- kostnaðarmati fyrir ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og almenning,
- ákvæðum um að sveitarfélögum verði bættur tekjumissir og kostnaður,
- tímabundnum mótframlögum ríkisins í þeim tilfellum að gjöld myndu hækka,
- skýrri gjaldastefnu áður en frumvarpið er afgreitt.

7. Tryggja stöðu starfsfólks og lögverndaða fagþekkingu

Frumvarpið þarf að taka af allan vafa um réttindi heilbrigðisfulltrúa, yfirfærslu starfsfólks, áunnin réttindi, starfsheiti og hæfniskröfur. Félag heilbrigðisfulltrúa gagnrýnir að frumvarpið fjalli lítið um mannauðsmál og bendir á hættu á að þekking tapist, starfsfólk hætti og eftirlitið veikist.

Ráðherra þarf því að setja í frumvarpið:

- ákvæði um yfirfærslu starfsfólks með óskertum réttindum,
- áframhaldandi lögverndun eða skilgreiningu starfsheitisins heilbrigðisfulltrúi,
- menntunar- og hæfniskröfur til þeirra sem sinna eftirliti,
- áætlun um þjálfun, samræmingu og varðveislu sérþekkingar.

8. Setja sameiginlegt upplýsingakerfi sem lagaskilyrði fyrir gildistöku

Nokkrir umsagnaraðilar gera sameiginlegt upplýsingakerfi að forsendu þess að breytingarnar geti gengið upp. Bændasamtökin leggja til að slíkt kerfi verði innleitt samhliða gildistöku og að þar verði skráning starfsleyfa, aðgangur að eftirlitsskýrslum, stöðlum og verkferlum.

Ráðherra þarf því að breyta frumvarpinu þannig að gildistaka verkefnayfirfærslu sé háð því að kerfið sé tilbúið, prófað og aðgengilegt eftirlitsaðilum, sveitarfélögum og eftir atvikum eftirlitsþegum.

9. Laga ákvæði um tóbaksvarnir og önnur jaðarsvið sem falla milli kerfa



Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins bendir á að tóbaksvarnir séu hvergi nægilega greindar í frumvarpinu og að óskýr ábyrgð geti veikt eftirlit með tóbakssölu.

Ráðherra þarf því að tryggja að málaflókkar eins og tóbaksvarnir, gæludýrahald, vatnsvernd, loftgæðavöktun, fráveitur og mengunaróhöpp falli ekki milli stofnana. Það þarf annaðhvort að skilgreina þá skýrt í þessu frumvarpi eða taka þá út úr frumvarpinu þar til sérlausn liggur fyrir.

10. Fjarlægja of víðtæka reglugerðarheimild og setja meginreglur í lög

Í umsögn SHÍ er gagnrýnt að frumvarpið feli of mikið í sér „*framsals- og reglugerðarhyggju*“; meginþættir eins og faggilding, beint eftirlit, gjaldtaka, verkaskipting og framsal eigi ekki að vera skildir eftir til síðari reglugerða þegar um grundvallarbreytingu á eftirlitskerfi er að ræða.

Ráðherra þarf því að færa meginreglur inn í lagatextann sjálfan og þrengja reglugerðarheimildir þannig að Alþingi samþykki efnislega kerfið, ekki aðeins opna heimild til að móta það síðar.

Til að frumvarpið verði afgreiðsluhæft þarf ráðherra að gera að lágmarki þetta:

Fresta gildistöku, áfangaskipta innleiðingu, halda í svæðisbundna framkvæmd eða tryggja hana með lögbundnum starfsstöðvum, skýra verkaskiptingu og ábyrgð í lagatexta, tryggja upplýsingakerfi fyrir gildistöku, fjármagna breytinguna, verja mannauð og áunnin réttindi, tryggja almannavarnir og vatnsvernd, og fækka opnum reglugerðarheimildum.

c. Fráveitumál við Þingvallavatn – staðan á Icwater

Verkefnisstjóri verður áfram í ¼ starfshlutfalli til að klára verkefnið.

d. ESA heimsókn 1.-10. júní 2026 úttekt á á kerfi opinbers eftirlits með matvælaupplýsingum til neytenda

Til kynningar

e. Breyting á reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20

Guðrún S. Magnúsdóttir
Fjóla St. Kristinsdóttir
Örn Friðriksson
Sigrún Guðmundsdóttir

Páll Tómasson
Kjartan Ólafsson
Oddur Árnason



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

